

- f. T.d. mat á kennslu og kennsluháttum, könnun á einkunnum og fylgni milli ástundunar og einkunna
Nemendur: Fyrirliggjandi
- g. T.d. Könnun á heimanámi, sjálfsmynd, heilbrigði og hollustu meðal nemenda 2001, viðvarandi mat á líðan nemenda
Starfsfólk: Í vinnslu
- h. T.d. hafin eru viðtöl við starfsmenn, þó ekki liggi formlegt mat til grundvallar, gerð verður styrk- og veikleikagreining í viðtölunum
Aðbúnaður: Í vinnslu
- i. T.d. mat á húsnæði og endurbótum en ekki hefur verið framkvæmt mat á þörf fyrir kennslutæki
Ytri tengsl: Fyrirliggjandi
- j. T.d. könnun á samskiptum forráðamanna, nemenda og skóla, fyrir liggur að endurtaka könnun sem framkvæmd var fyrir nokkrum árum
Annað: Ekki hafið
- T.d.

5. Skýrslur um einstakar tilraunir við sjálfsmat hafa verið Já gefnar út

6. Einstakar tilraunir við sjálfsmat skólans byggja á
 b. samsettu og aðlöguðu kerfi
 Ef a. hvaða kerfi er notað?

Listi 2

IV. Heildarniðurstaða

7.	Samkvæmt viðmiðum ráðuneytisins teljast sjálfsmatsaðferðir skólans ófullnægjandi
----	--

Niðurstaða úttektarinnar var kynnt skólameistara og honum/henni gefinn kostur á að gera efnislegar athugasemdir, dags: 14.11.2002 (DD.MM.ÁÁÁÁ)

Dags: 15.11.2002
 KPMG Ráðgjöf

V. Greinargerð

Framhaldsskólinn á Laugum hefur staðið að sjálfsmati á flestum þáttum skólastarfsins í formi kannana sem sumar eru árlegar en aðrar gerðar eftir þörfum. Niðurstöður kannana eru kynntar fyrir kennurum og koma þeir einnig að vinnu við matið með einum eða öðrum hætti. Gert er gert ráð fyrir að niðurstöðurnar verði birtar á vefsíðu skólans.

Sjálfsmatshópur var stofnaður í fyrra og eru í honum tveir kennarar. Þeir hafa unnið að skipulagningu sjálfsmatsins og hefur mat á samskiptum, kennslu og kennsluháttum verið hafið. Gert er ráð fyrir að fyrst verði unnið að gagnaöflun en síðan taki við úrvinnsla eftir þörfum. Ekki hefur verið gerð formleg verkáætlun um sjálfsmat en hópurinn vinnur nú að skipulagningu ferilsins.

Til þess að sjálfsmatsaðferðir skólans geti talist fullnægjandi skv. skilgreiningu menntamálaráðuneytisins þarf matið að vera formlegt og kerfisbundið. Vinna þarf sjálfsmatsskýrslu og verkáætlun um sjálfsmatsferlið en mikilvægt er að þróa og gefa út verkáætlun þar sem kemur fram hvaða þætti skuli meta á hverju tímabili, hver á að framkvæma matið (ber ábyrgð), til hverra það náí og hvernig eigi að vinna úr því. Slík verkáætlunin þarf að vera aðgengileg fyrir hagsmunaaðila t.d. á skrifstofu eða heimasíðu skólans

Gefa þarf út sjálfsmatsskýrsluna opinberlega en í henni þarf að koma fram lýsing á aðferðum við sjálfsmat, aðgerða- og starfsáætlun og skilgreina þarf viðmið um hvað bættur árangur felur í sér. Gera þarf grein fyrir hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Þá þarf að taka saman yfirlit um það sem hefur verið gert þannig að það sé aðgengilegt og árlega draga fram í sjálfsmatsskýrslu helstu atriði, aðferðir, markmið, umbóta- og þróunaráætlun sem og þau mælanlegu viðmið sem skólinn hefur sett sér og hver árangur skólastarfsins er miðað við sett markmið. Fyrirfram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrsluna þarf að birta opinberlega.

Í Framhaldsskólanum á Laugum er undirbúningur að kerfisbundnu sjálfsmati hafinn. Ætla má að með áframhaldandi vinnu sjálfsmatshóps að skipulagningu og framkvæmd kerfisbundins sjálfsmats þannig að gefin sé út formleg og opinber áætlun að vinnunni þar sem allir þættir í skólastarfinu verða teknir fyrir, verði skilyrðum menntamálaráðuneytisins fyrir fullnægjandi sjálfsmatsaðferðum fullnægt.